

## Samgöngusamningur

Í sjálfbærni- og umhverfisstefnu Háskóla Íslands og samgöngustefnu segir að gera skuli háskólaumhverfið vistvænna og bæta líðan háskólaborgara með því að ýta undir að þeir ferðist til og frá skólanum á annan hátt en í einkabíl.

Til að svo megi verða gera Háskóli Íslands og starfsmenn með sér svofelldan samgöngusamning:

### 1. grein

Starfsmaður sem skrifar undir samgöngusamning þennan gengst undir að taka vistvænan ferðamáta fram yfir einkabílinn þegar ferðast er til og frá skólanum í a.m.k. 60% tilvika. Með vistvænum ferðamáta er átt við að ferðast með strætó, hjóla eða ganga. Á móti býður Háskóli Íslands starfsmönnum val á milli hlunninda sem fram koma í 2. grein.

### 2. grein

- a. Starfsmaður sem ferðast með Strætó í a.m.k. 60% tilvika er boðið að kaupa 12 mánaða strætisvagnakort á andvirði 9 mánaða korts sbr. samning Háskóla Íslands og Strætó bs. Að auki niðurgreiðir Háskóli Íslands strætisvagnakortið um 15 þúsund krónur. Styrkurinn er greiddur út gegn framvísun kvittunar.

Símanúmer undirritaðs: \_\_\_\_\_

Krossað við hér ef möguleiki a. er valinn: \_\_\_\_\_

- b. Starfsmaður sem hjólar eða gengur til og frá vinnu í a.m.k. 60% tilvika fær aðgangskort í íþróttahús Háskóla Íslands við Sæmundargötu sem afhent er við undirskrift samnings þessa.

Aðgangur gildir fyrir starfsárið: \_\_\_\_\_ - \_\_\_\_\_

Krossað við hér ef möguleiki b. er valinn: \_\_\_\_\_

Reykjavík, \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
Fh. Háskóla Íslands

\_\_\_\_\_  
Nafn starfsmanns

kt. \_\_\_\_\_

Netfang: \_\_\_\_\_

Samgöngusamning má gera við starfsmann sem er fastráðinn skv. ráðningarsamningi og í amk. 50% starfshlutfalli, nýdoktora enda gerðir við þá ráðningarsamning og doktorsnema.